

Markaðsstyrkur

Eigendur og eða leigjendur að fasteignum, sbr.3. gr. laga um skráningu og mat fasteigna nr: 6/2001, í sveitarfélaginu Skeiða- og Gnúpverjahreppi geta sótt um markaðsstyrk, til að auka nýtingu viðkomandi atvinnuhúsnæðis í sveitarfélaginu.

Forsendur fyrir styrknum eru:

1. Að umsókn sé dagsett og skýrt komi fram hvaða ár markaðsátakið fari fram.
2. Að í umsókn komi fram staðsetning og fasteignanúmer fasteignarinnar skv. Fasteignaskrá.
3. Að umsækjandi sé eigandi fasteignarinnar eða hafi umboð eiganda til að taka við styrknum. Í því sambandi ber að minna á 23.gr. laga nr:36/1994.
4. Að umsækjandi lýsi skriflega í hverju markaðsátakið sé fólgið og áætlaður heildarkostnaður á árinu. Tekið skal sérstaklega fram ef um sameiginlegt markaðsátak vegna tveggja eða fleiri atvinnuhúseigna, klasasamstarf, er að ræða.
5. Ef umsækjanda dettur ekki í hug neitt markaðsátak eða getur rökstutt að þess sé ekki þörf getur hann sótt um á grundvelli verkefna sem fela í sér aukna sjálfbærni, umhverfispættingu, kynjajöfnunar og lýðræðisþróunar.
6. Styrkurinn er að hámarki kr: 250.000 á ári.
7. Styrkurinn er reiknaður út frá sömu forsendum og í sömu hlutföllum og fasteignaskattar að frádregnum 1,32% af sama stofni, sbr. 3 gr.laga um tekjustofna sveitarfélaga nr:4/1995 þó aldrei hærri en 25% af fasteignagjöldum viðkomandi eignar.
8. Sveitarstjórn er heimilt að hafna umsókn teljist hún ekki fullnægja skilyrðum.